

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness, miðvikudaginn 27. mars 2013, í máli nr. S-582/2012:

Ákærvaldið

(Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari)

gegn

Ómari Traustasyni

(Sveinn Andri Sveinsson hrl.)

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að aflokinni aðalmeðferð 27. febrúar sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 6. júlí 2012, á hendur Ómari Traustasyni, kennitala 000000-0000, Borups Alle 246, Kaupmannahöfn, „fyrir kynferðisbrot gegn A, kennitala 000000-0000, með því að hafa, á tímabilinu 2000 til nóvember 2001, þegar A var 14 til 15 ára, á heimilum ákærða í bílskúr í Keilufelli í Reykjavík, sem ákærði leigði um tíma, og að Sæbólsbraut 38 í Kópavogi, með ólögumatri nauðung notfært sér yfirburðastöðu sína gagnvart A vegna aldurs, reynslu og líkamlegra yfirburða og brotið gegn trúnaðarskyldu sinni gagnvart A sem leitaði til ákærða, er fjölskylda hans varð húsnaðislaus, og fékk hjá honum húsaskjól, mat og pening fyrir nesti í skólann, auk þess sem ákærði hélt að honum fíkniefnum:

1. Margoft haft munnmök við A er hann var sofandi og gat ekki spornað við kynmökunum.
2. Í eitt skipti fengið A til að fróa sér.
3. Í eitt skipti reynt að hafa endaparmsmök við A með því að ýta getnaðarlimi sínum að endaparmi hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, áður 195. gr. sömu laga, og 1. mgr. 201. gr. almennra hegningarlaga auk þess sem brot samkvæmt 1. ákærulið telst jafnframt varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, áður 196. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkröfur:

Af hálfu A er þess krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.732.175 með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 17. júní 2010 til greiðsludags en að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu er krafist dráttarvaxta skv. 6. gr. sbr. 5. gr. til greiðsludags. Þá er krafist réttargæsluþóknunar úr hendi ákærða, brotþola að skaðlausu, samkvæmt framlögðum reikningi.“

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af kröfum ákæruvalds og að bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að bótakrafa sæti lækkun. Loks er krafist hæfilegra málsvarnarlauna, sem a.m.k. að hluta til verði lögð á ríkissjóð.

II.

Málsatvik eru þau að þriðjudaginn 16. nóvember 2010 mætti brotþoli, A, að eigin frumkvæði á skrifstofu rannsóknardeildar lögreglu til að leggja fram kæru á hendur ákærða í máli þessu fyrir kynferðisbrot gagnvart sér þegar hann var á aldrinum 5-6 ára í X og 14-15 ára á heimilum ákærða í Keilufelli í Reykjavík og á Sæbólsbraut í Kópavogi. Skýrði brotþoli frá síðari brotunum á sama hátt og hann gerði hér fyrir dómi, en fyrri brotin voru talin fyrnd og var því ekki ákært vegna þeirra.

Á meðal gagna málsins eru rannsóknargögn í lögreglumáli nr. 010-2001-31017, en rannsókn þess máls beindist aðallega að ætlaðri kynferðislegri misnotkun móður brotþola á honum, þ.e. að hún hefði selt hann mönnum gegn því að fá hass til eigin nota, en einnig að ákærða og þremur öðrum mönnum. Vísaði barnaverndarnefnd Reykjavíkur málinu til rannsóknar hjá lögreglu með bréfi 6. desember 2001 eftir að brotþoli hafði verið lagður inn á geðdeild og starfsmenn þar urðu varir við kynferðislega hegðun brotþola gagnvart öðrum börnum á deildinni, en einnig eftir að maður, sem óskaði nafnleyndar, tilkynnti nefndinni um grun sinn um kynferðislega misnotkun móður á brotþola.

Tekin var skýrsla af brotþola í Barnahúsi 25. janúar 2002, en þá vildi brotþoli ekki tjá sig um meint kynferðisbrot og sagði að um væri að ræða sín einkamál. Ákærði sagðist þó hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni þegar hann var 6 ára, sem hann vildi ekki lýsa frekar, og þá sagði hann að maður að nafni Guðmundur, sem búið hefði á Frakkastíg í Reykjavík, hefði reynt að kyssa sig. Sérstaklega aðspurður um hugsanlega kynferðislega misnotkun ákærða sagðist brotþoli ekki vilja ræða það og sagði að samskipti hans og ákærða væru fín. Þá kom fram hjá brotþola að hann hefði oft gist hjá ákærða.

Vegna framangreindrar rannsóknar var gerð húsleit á heimili ákærða 8. janúar 2002, en ekkert fannst við leitina, sem tengdist hugsanlegu kynferðisbroti ákærða gegn

brotþola. Í skýrslu lögreglu vegna húsleitarinnar segir þó að í fataskáp undir samanbrotnum fötum hafi fundist gróf klámblöð, en um hafi verið að ræða fullorðinsklámblöð og því hafi þau ekki verið haldlögð.

Á meðal rannsóknargagna þessa máls er upplýsingaskýrsla lögreglu, dags. 1. nóvember 2002. Þar kemur fram að 7. ágúst 2002 hafi lögreglunni í Reykjavík borist bréf barnaverndarnefndar Reykjavíkur þess efnis að brotþoli vildi tjá sig um kynferðisbrot, sem hann hefði orðið fyrir af hálfu ákærða. Hinn 21. ágúst 2002 hafi lögregla óskað eftir því við héraðsdóm að tekin yrði skýrsla af brotþola, en skýrslutökunni hafi verið frestað að ósk réttargæslumanns brotþola. Lögregla hafi rætt við Helgu Einarsdóttur, starfsmann barnaverndarnefndar, og hafi hún tjáð lögreglu að hún hefði nýverið rætt við brotþola og hann hefði tjáð henni að hann ætlaði ekki að tjá sig um þau kynferðisbrot, sem hann hefði orðið fyrir. Hafi því verið ákveðið að afturkalla beiðni um skýrslutöku af brotþola fyrir dómi þar sem sýnt hafi þótt að brotþoli myndi ekki tjá sig um málið. Rannsókn á málinu var hætt með ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 26. nóvember 2002.

Í ódagsettri lokasamantekt Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans segir að brotþoli hafi lagst inn á deild 32C aðfaranótt 24. nóvember 2001. Hann hafi verið tekinn af lögreglu að kvöldi 23. nóvember þar sem hann hafi verið að skemma bíla og ráðast að fólki. Þá hafi brotþoli berháttað sig í fangaklefa og hafi þá verið farið með hann á slysvarðstofu og í framhaldi af því hafi hann verið lagður inn á deild 32C. Við komu á Barna- og unglिंगageðdeild 27. nóvember 2002 hafi brotþoli verið í psykotísku ástandi, en hann hafi sýnt ögrandi hegðun og viljað komast út. Einnig hafi hann verið með kynferðislega áreitni við kvenkyns starfsmenn og hafi berháttað sig inni í herbergi. Í samantektinni er því lýst að brotþoli hafi ekki verið áttaður á stað og stund þegar hann var lagður inn og hafi ekki þolað mikið áreiti frá umhverfinu. Hann hafi lent í átökum við starfsfólk, sem hafi þurft að sprauta hann niður nokkrum sinnum. Þá hafi brotþoli verið með ranghugmyndir og heyrt raddir. Jafnframt hafi borið á þráhyggjuhegðun, sérstaklega í tengslum við hreinlæti og uppvas. Smám saman hafi ranghugmyndir brotþola minnkað og í janúar hafi hann að mestu verið laus við þráhyggjuhegðun. Þegar hann hafi komist úr psykotísku ástandi hafi hann vírst vera ljúfur og kurteis drengur. Hann hafi verið samvinnufús, yfirleitt öruggur með sig og opinn í samskiptum, bæði við starfsfólk og aðra sjúklinga. Hann hafi verið fljótur að kynnast öðrum sjúklingum og vírst vinsæll meðal þeirra. Þá segir að brotþoli hafi sótt Dalbrautarskólann og gengið vel og hafi hann lagt áherslu á að klára samræmdu prófin um haustið. Hann hafi vírst áhugasamur um námið og rætt um að hann vildi læra rafeindavirkjun eins og bróðir hans. Þá segir að brotþoli hafi kímniáfu, sé vel máli farinn og hafi góða almenna greind. Jafnframt segir að brotþoli hafi verið mjög grannur og illa nærður við komu, en matarlyst hafi verið mjög góð og hann hafi þyngst um 10 kíló á meðan hann dvaldist á deildinni. Loks segir að brotþoli hafi útskrifast af deildinni 19. febrúar 2002 á meðferðarheimilið Berg í Aðaldal.

Í framlögðu bréfi Jóns Friðriks Sigurðssonar, prófessors og yfirsálfræðings, dags. 4. nóvember 2011, segir að lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafi beðið hann um að taka saman nokkrar línur í tilefni af kærðu brotþola um það sem brotþoli hefði tjáð honum í meðferðarviðtali árið 2002 um kynferðislega misnotkun sem hann hefði orðið fyrir sem barn og unglिंगur. Í vottorðinu segir m.a. eftirfarandi:

„Ég hafði A í meðferð á meðferðarheimilinu Bergi í Aðaldal í um það bil eitt ár frá því í febrúar 2002 þar til í febrúar 2003. Í viðtali sumarið 2002 skýrði hann frá því að hafa verið misnotaður kynferðislega nokkrum sinnum þegar hann var fimm til sex ára gamall af manni er heitir Ómar Traustason. Ef ég skildi A rétt þá mun þetta hafa gerst er hann bjó í X þriggja til fimm ára gamall og var Ómar fjölskylduvinur að hans sögn. A lýsti einu atvikinu þannig að Ómar hefði sett „klámspólu“ í myndbandstækið í stofunni þegar hann og eldri bróðir hans voru viðstaddir. Bróðir hans hefði farið, en þá hefði Ómar látið sig hafa munnmök við sig og skipað sér að kyngja sæðinu. Í framhaldi af því hefði Ómar ætlað að hafa munnmök við A en hætt því hann hefði ekki viljað það. A sagðist muna eftir fjórum til fimm skiptum sem þetta hefði gerst.

Þá sagðist A hafa verið misnotaður af Ómari veturinn áður en hann var vistaður á Bergi eða veturinn 2001-2002. Hann lýsti því á þann veg að hann hefði að áeggjan vinar síns beðið Ómar um að útvega þeim hass, sem hann gerði. A sagðist hafa gist hjá Ómari á þessum tíma og einu sinni vaknað við að hann var að hafa munnmök við sig. Það hefði svo endurtekið sig mjög oft og Ómar hefði í tvígang reynt að hafa endaparmsmök við sig en hann hefði ekki viljað það. Þá sagðist hann einu sinni hafa fróað Ómari að hans beiðni.

A leið fremur illa þegar hann var vistaður á Bergi og hann átti erfitt með að greina frá þessum atvikum og vildi ekki ræða þau frekar.“

Á meðal gagna málsins er útprentun úr dagbók lögreglu þar sem fram kemur að frá 16.-27. júlí fór fram leit að brotþola að beiðni barnaverndarnefndar Reykjavíkur. Fannst brotþoli ásamt móður sinni í vinnuskúr í Geldinganesi skammt frá Eiðsvík. Í skúrnum voru einnig þrír karlmenn og ein kona. Í framhaldinu var brotþoli fluttur á Stuðla.

Í gögnum, sem fylgdu læknisvottorði vegna umsóknar brotþola um örorkubætur á árinu 2010 kemur fram að brotþoli hafi margsinnis strokið af meðferðarheimilinu Bergi á meðan hann dvaldist þar og því verið endurtekið lagður inn á Stuðla á þeim tíma. Þegar hann hafi útskrifast af meðferðarheimilinu í febrúar 2003 hafi bróðir hans C fengið forræði yfir honum og hafi hann dvalið hjá honum í eitt og hálf ár áður en hann flutti til Danmerkur til móður sinnar þar sem hann hafi dvalið í þrjú ár. Í Danmörku hafi hann endurtekið fengið geðrof og verið lagður þar inn þrisvar sinnum, en hann hafi þá tekið lyf stopult. Þau mæðginin hafi síðan misst húsnæði sitt og fengið að gista hjá vinum, en á endanum hafi brotþoli fengið nóg og flutt heim til Íslands á árinu 2008. Í kjölfarið hafi hann komist í eftirlit hjá geðlækni. Fram kemur í gögnum þessum að brotþoli búi í íbúð afa síns á Akranesi og stundi nám í Fjölbautskóla Vesturlands.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dóminum og hjá lögreglu eftir því sem þurfa þykir:

Ákærði sagðist hafa kynnst brotþola í gegnum móður hans, B, um 1989 eða 1990. Kvaðst hann oft hafa komið á heimili móður brotþola á þessum tíma ásamt fleirum, en hjá henni hefði alltaf verið opið hús og þar hefði verið drukkið og reykt. Ákærði sagðist ekki muna eftir neinum samskiptum við brotþola á þessum tíma, en sagði að hann og bróðir hans hefðu báðir verið á heimilinu á þessum tíma.

Ákærði sagðist hafa farið í meðferð í desember 1989 og kvaðst þá hafa lokað á alla vini og kunningja sem voru í neyslu.

Ákærði kvaðst hafa slasast á sjó 1997 eða 1998 og flutt skömmu eftir það frá X til Reykjavíkur. Nokkru eftir það kvaðst hann hafa byrjað að umgangast móður brotþola, en hún hefði verið með íbúð uppi í Breiðholti. Sagði ákærði að þau hefðu haldið áfram að sukka, þ.e. drekka og reykja hass. Ákærði sagðist ekki muna eftir að hafa átt nein samskipti við brotþola á þessum tíma, en sagðist þó muna eftir að hafa lánað honum einu sinni íbúðina sína til að halda upp á 15 eða 16 ára afmælið sitt. Ákærði sagði að þessi íbúð hefði verið í bílskúr í Keilufelli og sagðist hann hafa búið þar í um það bil tvö ár, en þaðan hefði hann flutt á Sæbólsbrautina.

Ákærði sagði að samskipti hans og brotþola hefðu verið ágæt á þessum tíma. Eftir að hann flutti á Sæbólsbrautina hefði brotþoli farið að venja komur sínar til hans til að fá að gista vegna slæmra aðstæðna heima fyrir. Aðspurður um hvenær þetta var kvaðst ákærði halda að þetta hefði verið eftir árið 2000. Ákærði sagði að brotþoli hefði komið við og við og fengið að gista í einn eða tvo daga, en síðan hefði hann horfið þess á milli í nokkra daga og þá hefði hann verið hjá einhverjum vini sínum. Kvaðst ákærði halda að þetta hefði staðið yfir í þrjú til fjóra mánuði, en sagðist þó ekki vera viss. Ákærði sagði að á þessum tíma hefði félagi hans og vinur, Þórir Þorsteinsson, fengið að gista hjá honum í landlegum og í fríum, þ.e. bæði þegar hann bjó í Keilufellinu og á Sæbólsbrautinni. Hann hefði stundum verið á heimilinu þegar brotþoli fékk að gista, en að sjálfsögðu hefði það einnig komið fyrir að þeir brotþoli hefðu verið einir í íbúðinni á Sæbólsbrautinni. Ákærði sagðist ekki muna eftir hvort ákærði gisti einhvern tíma hjá honum á meðan hann var í Keilufellinu, en þó gæti það verið.

Ákærði sagði að samskipti þeirra brotþola hefðu verið góð, en brotþoli hefði haft áhyggjur af móður sinni og þá hefði verið búið að taka yngri systur hans frá móður þeirra. Ákærði sagði að brotþoli hefði fengið að gista hjá honum því að hann hefði ekki átt í nein hús að venda. Móðir hans hefði aldrei verið heima og jafnvel verið búið að missa íbúðina og því hefði brotþoli þvælst á milli staða og fengið að gista hjá hinum og þessum. Ákærði sagði að brotþoli hefði farið hjólandi í skólann á morgnana á meðan hann var hjá honum, en þá hefði brotþoli verið í 8. eða 9. bekk. Kvaðst ákærði hafa vaknað á morgnana og sagt honum að fara í skólann. Ákærði sagði að brotþoli hefði fengið að borða hjá honum og þá sagðist hann hafa öðru hverju gefið brotþola peninga til að kaupa nesti. Þá hefði brotþoli stundum átt peninga sjálfur.

Ákærði lýsti húsakynnunum á Sæbólsbrautinni með þeim hætti að úr anddyrinu hefði verið gengið inn í eldhús, en þar fyrir innan hefði verið eitt stórt herbergi, sem hefði bæði verið stofa og svefnherbergi, en inn af því hefði verið salerni. Sagði ákærði að brotþoli hefði annaðhvort sofíð á dýnu á gólfinu eða á sófanum. Ákærði sagðist hafa reykt hass á þessum tíma, en kvaðst ekki kannast við að hafa otað hassi að brotþola. Þá sagðist hann ekki hafa orðið var við að ákærði væri í hassneyslu. Ákærða var þá bent á að brotþoli hefði verið lagður inn á geðdeild í nóvember 2001 m.a. vegna mikilla hassreykinga. Sagði ákærði að þessi neysla hefði þá farið fram hjá sér, en brotþoli hefði ekkert reykt heima hjá honum. Brotþoli hefði hins vegar gist á fleiri stöðum en heima hjá honum. Ákærði sagðist ekki hafa hugsað út í það að hafa samband við barnaverndarnefnd á þessum tíma vegna aðstæðna brotþola. Hann sagði að brotþoli hefði stundum verið dapur vegna þess að systir

hans hefði verið tekin, en annars hefði brotþoli verið hress og í góðu lagi. Ákærði neitaði því að hafa verið með klámefni á glámbekk á heimilinu, en sagði að rétt væri að við húsleit á heimili hans í janúar 2002 hefðu fundist klámblöð inni í fataskáp undir fötum. Sagðist ákærði hafa átt þessi klámblöð.

Ákærði sagðist aðspurður hafa verið með falskar tennur í um þrjátíu ár. Um væri að ræða tennur, sem hægt væri að taka út. Ákærði sagði að brotþoli hefði á þessum árum verið líkamlega þroskaður miðað við aldur. Hann hefði verið hávaxinn og ekki nein rengla.

Ákærði sagði að ekki væri rétt svo sem fram kæmi í skýrslu hans hjá lögreglu í janúar 2002, merktri III-2-1, að B hefði haft fullan aðgang að íbúð hans á Sæbólsbrautinni og dvalið hjá honum ásamt brotþola mestallt árið 2001. Ákærði kannaðist við undirskrift sína undir framangreinda skýrslu. Hann sagði að B hefði hins vegar komið öðru hverju og fengið að gista ásamt brotþola. Hún hefði alltaf verið velkomin, en hún hefði hins vegar ekki dvalið hjá honum allt árið. Ákærða var bent á að í skýrslu hans hjá lögreglu 14. október 2011 hefði hann borið um það að brotþoli hefði byrjað að gista hjá honum á árinu 2000. Ákærði sagði þá að tímasetningarnar væru óskýrar í huga sér. Ákærði sagðist geta fullyrt það eitt að brotþoli hefði fengið að gista öðru hverju hjá honum eftir að hann flutti á Sæbólsbrautina.

Ákærði sagðist ekki hafa kynferðislegar hvatir til barna. Ákærða var þá bent á að hann hefði fengið dóm á árinu 1993, sem staðfestur hefði verið í Hæstarétti árið 1994, fyrir að hafa brotið kynferðislega á fjórum drengjum á aldrinum 9-12 ára. Sagði ákærði þá að það mál væri afgreitt og hann væri búinn að taka út sinn dóm. Ákærða var þá bent á framburð hans hjá lögreglu 26. mars 1992 þar sem hann hefði tjáð lögreglu að ein af orsökum skilnaðar hans hefði, auk drykkjunnar, verið að hann hefði leitað á átta ára gamlan dreng innan fjölskyldunnar á árinu 1988 á heimili þeirra hjóna. Ákærði svaraði því svo til að hann hefði leitað sér aðstoðar hjá sálfræðingum og félagsráðgjöfum eftir þetta og kvaðst telja að hann hefði unnið bug á þessum hvötum.

Framburður brotþola hjá lögreglu var borinn undir ákærða, þ.e. að þegar brotþoli hefði verði 14 til 15 ára hefði hann fengið hass hjá honum fyrir vin sinn og í framhaldinu hefði hann gist hjá ákærða og vaknað upp við það að ákærði hefði verið að hafa við sig munnmök. Ákærði sagðist ekki kannast við þetta. Ákærði sagðist aðspurður hafa búið á Sæbólsbrautinni þegar systir brotþola hefði verið tekin frá móður sinni. Sagði hann að brotþoli hefði komið með systur sína á Sæbólsbrautina og ætlað að fela hana þar, en síðan hefði lögreglan komið og náð í barnið. Hann sagðist hins vegar ekkert vita hvort nágrannar B hefðu rænt barninu af heimilinu. Ákærði neitaði því að hafa látið brotþola fá hass til neyslu. Hann kannaðist við að hafa reykt hass úr fötu á þessum tíma og sagðist hafa gert það í eldhúsinu og haft lokað fram í stofu. Hann sagðist ekki hafa reykt hass fyrir framan brotþola. Ákærði sagði að ekki væri rétt að hann hefði haft munnmök við brotþola á meðan hann var sofandi. Þá væri hvorki rétt að hann hefði í eitt skipti fengið brotþola til að fróa sér né að hann hefði í eitt skipti reynt að hafa endaparmsmök við hann. Loks væri ekki rétt að hann hefði verið með „perraklám“ í vörslum sínum.

Ákærði sagði að samskiptum þeirra brotþola hefði lokið á árinu 2001 eða 2002, en þá hefði brotþoli horfið og sagðist ákærði hafa frétt síðar að hann væri kominn til afa síns uppi á Akranesi. Ákærði kannaðist ekki við að samskiptum þeirra hefði lokið vegna lögreglurannsóknar, sem hefði hafist um áramótin 2001 og 2002, á ætluðum kynferðisbrotum ákærða gegn brotþola. Kvaðst hann halda að brotþoli hefði horfið skömmu fyrir jólin 2001 og sagðist ákærði ekki hafa heyrt frá honum síðan. Sagðist ákærði ekki geta skýrt það af hverju brotþoli væri að bera á hann þessar sakir.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 9. júní og 14. október 2011 og neitaði þá einnig sök. Skýrði ákærði frá atvikum á svipaðan veg og fyrir dóminum. Hann sagði að brotþoli hefði dvalið hjá honum af og til á Sæbólsbrautinni í sex mánuði eða allt að einu ári. Í síðari skýrslunni sagði ákærði að hann héldi að brotþoli væri að bera sig þessum sökum vegna áhrifa frá móður hans, sem væri alltaf á eftir einhverjum aukum.

Brotþoli, A, sagði að ákærði hefði verið vinur móður hans, en hún hefði kynnst honum í gegnum bróður ákærða. Hann sagði að ákærði hefði oft komið í heimsókn á heimili þeirra í X þegar brotþoli var mjög ungur og sagði að ákærði hefði verið ágætur í byrjun. Brotþoli sagði að einu sinni hefði ákærði passað hann og eldri bróður hans á heimili þeirra í X og kvaðst brotþoli halda að hann hefði þá verið þriggja til fjögurra ára, en þetta hefði verið skömmu eftir að hann flutti til X. Bróðir hans hefði verið sofandi uppi í risi en hann hefði verið niðri hjá ákærða. Þá hefði ákærði sett klámspólu í myndbandstækið og viljað að hann horfði á hana með sér. Þarna hefði ákærði brotið gegn honum í fyrsta skipti og upp frá þessu hefði misnotkunin hafist og staðið þar til brotþoli varð sjö ára.

Brotþoli sagði að síðar hefðu hann og fjölskylda hans búið í íbúð í Fannarfelli í Reykjavík og þá hefði ákærði flutt í bílskúr í Keilufelli, sem hefði verið búið að breyta í íbúð og þá hefði hann byrjað að koma aftur í heimsókn til þeirra. Í fyrstu hefði hann ekkert viljað tala við ákærða, en smám saman hefði það breyst. Hann hefði síðan farið að heimsækja ákærða í bílskúrinn og hefði hann t.d. hjálpað honum að mála. Einnig hefði hann vitað að ákærði reykti hass, en vinum brotþola hefði litist vel á það og viljað að brotþoli útvegaði þeim hass hjá ákærða, sem hann hefði og gert. Kvaðst brotþoli halda að ákærði hefði flutt í Keilufell einhvern tímann á árinu 2000, en í mars eða apríl 2001 hefði hann síðan flutt á Sæbólsbraut í Kópavogi. Í millitíðinni eða í febrúar 2001 hefðu nágrannar þeirra rænt systur brotþola og komið henni til barnaverndarnefndar og hefði móðir hans verið svipt forsjá hennar í kjölfarið. Sagðist brotþoli einmitt hafa verið staddur hjá ákærða í Keilufellinu þegar systir hans var tekin. Móðir hans hefði síðan misst húsnæðið og lent á götunni. Kvaðst brotþoli ekki hafa átt í nein hús að vanda og því hefði hann endað hjá ákærða í Kópavoginum þar sem hann hefði getað notað hassreykingar til að deyfa sig. Brotþoli staðfesti að sumarið 2001 hefði hann rænt systur sinni af barnaheimili barnaverndarnefndar og farið með hana heim til ákærða á Sæbólsbrautinni.

Brotþoli sagði að ákærði hefði byrjað að brjóta gegn honum kynferðislega í janúar 2001 á meðan ákærði bjó í bílskúrnum í Keilufelli, en þar sagðist brotþoli stundum hafa gist. Brotþoli lýsti fyrsta skiptinu með þeim hætti að þeir ákærði hefðu verið að reykja hass og síðan hefði hann farið að sofa. Hann hefði síðan

vaknað upp við að ákærði var að hafa við hann munnmök. Brotapoli sagði að sér hefði brugðið en af einhverjum ástæðum hefði hann ekkert gert heldur þóst vera sofandi. Ákærði hefði haldið áfram og sagði brotapolu að þetta hefði endað með því að hann hefði fengið fullnægingu. Brotapoli sagðist hafa þóst vera sofandi allan tímann og eftir að hann fékk fullnægingu sagðist hann bara hafa farið að sofa. Hann sagði að þeir ákærði hefðu ekkert rætt þetta. Brotapoli sagði að þetta hefði gerst oftast þarna í Keilufellinu eða um það bil fimm sinnum. Brotapoli sagði að þetta hefði alltaf gerst á sama hátt, þ.e. hann hefði oftast vaknað upp við að ákærði var að brjóta gegn honum, en stundum hefði þetta átt sér stað þegar hann var vakandi. Þá hefði komið fyrir að hann streittist á móti með því að draga sig undan ákærða og ýta honum frá sér. Brotapoli sagði að mjög óþægilegt hefði verið að vakna upp við þetta, en hann hefði alltaf þóst vera sofandi. Hann sagði að ákærði hefði örugglega stundum orðið var við það að hann væri vakandi, en brotapolu sagðist hins vegar ekkert hafa sagt við ákærða. Brotapoli sagði að ákærði hefði tekið út úr sér tennurnar þegar hann hafði við hann munnmök. Sagðist brotapolu ekki hafa tekið eftir því í fyrstu, en síðar eða á Sæbólsbrautinni hefði tekið eftir því. Hann sagði að ákærði hefði aldrei tekið út úr sér tennurnar við önnur tækifæri.

Brotapoli sagði að eftir að ákærði flutti í Kópavoginn hefði hann haldið áfram að hafa við hann munnmök og hefði ákærði alltaf vakið hann með þessum hætti, en hann þóst vera sofandi. Kvaðst brotapolu halda að þetta hefði gerst í nokkra tugi skipta á Sæbólsbrautinni. Hann sagði að ákærði hefði einnig verið með ýmiss konar klámspólur í íbúðinni, m.a. dýraklám. Eitt kvöldið á Sæbólsbrautinni, sennilega um sumarið 2001, hefði ákærði verið að hafa við hann munnmök á meðan hann sat í sófastólnum í stofunni og þá hefði hann einnig reynt að hafa við hann endaparmsmök, þ.e. hann hefði reynt að setja liminn inn í endaparminn á honum. Sagðist brotapolu hafa legið á bakinu í stólnum og með fætturna upp. Sagðist brotapolu ekki hafa viljað þetta og klemmt rassinn saman þannig að ákærði hefði ekki getað þröngvað sér inn. Brotapoli sagði að ákærði hefði einu sinni beðið hann um að fróa sér þar til hann fengi fullnægingu og kvaðst brotapolu hafa gert það á meðan ákærði hafði við hann munnmök. Þeir hefðu þá verið á dýnum í stofunni hjá honum. Brotapoli sagðist halda að ákærði hefði síðast brotið gegn honum í nóvember 2001.

Brotapoli sagðist síðast hafa heyrt í ákærða þegar ákærði hefði hringt í hann þar sem hann var staddur fyrir utan Vitabar við Austurbæjarskóla, en þá hefði hann verið í 10. bekk. Ákærði hefði viljað fá hann inn í Kópavog og sagðist brotapolu hafa spurt hann hvers vegna. Ákærði hefði þá svarað: „Þú veist af hverju.“ Brotapoli sagði að þetta hefði verið um það leyti sem hann hefði verið að fara yfir um. Nokkrum dögum síðar hefði hann verið lagður inn á geðdeild eða í lok nóvember 2001 og sagði brotapolu að brot ákærða hefðu átt sinn þátt í því. Kvaðst ákærði hafa fengið hita og kvef skömmu áður og legið heima, þ.e. hjá bróður sínum á Klapparstígnum, og lesið bókina Hobbitann, en upp úr því hefði hann fengið ranghugmyndir. Sagðist brotapolu hafi legið í rúminu í þrjá til fjóra daga og hugsaði um líf sitt og sagðist hafa komist að þeirri niðurstöðu að líf hans gæti ekki verið raunverulegt heldur væri það eins og kvikmynd eða leikrit. Sagðist brotapolu ekki hafa verið með réttu ráði í nokkra daga áður en hann var lagður inn, en þá hefði hann verið handtekinn á Hlemmi eftir að hafa gengið þar berserksgang. Eftir vistun á geðdeild 32C og Barna- og unglingsgeðdeild í um tvo mánuði hefði hann verið vistaður á meðferðarheimilinu Bergi.

Spurður um ástæður þess að hann hefði alltaf farið aftur til ákærða þrátt fyrir brot hans sagði brotþoli að hann hefði ekki átt í nein önnur hús að venda. Þá hefði hann komist í hass og vímu hjá ákærða og það hefði gert þetta allt saman bærilegt þar til hann hefði farið yfir um. Brotþoli sagði að ákærði hefði gefið sér að borða og stundum peninga fyrir nesti, en brotþoli sagðist einnig hafa látið ákærða fá peninga.

Brotþoli sagðist telja að líkamlegur þroski hans hefði verið eðlilegur á þessum tíma og í samræmi við aldur. Brotþoli sagði að líðan sín hefði verið mjög slæm á þessum tíma og sagðist hann ekki hafa getað sagt neinum frá brotum ákærða. Brotþoli sagðist fyrst hafa sagt Jóni Friðriki, sálfræðingi á meðferðarheimilinu Bergi, frá þessu, en það hefði verið best að tala við hann af sálfræðingunum þremur sem voru á meðferðarheimilinu.

Brotþoli sagðist ekki hafa greint frá þessu við rannsóknina sem fór fram um áramótin 2001 og 2002 því að barnaverndarnefnd hefði ætlað að kæra móður hans fyrir að misnota hann. Hún hefði verið sökuð ranglega um að hafa selt hann samkynhneigðum mönnum og því hefði hann ekki viljað tjá sig um þetta. Kvaðst hann hafa óttast um móður sína og viljað halda hlífiskildi yfir henni. Brotþoli var bent á að á árinu 2002 hefði verið tekin skýrsla af honum í Barnahúsi og þar hefði komið fram að C bróðir hans vissi til þess að ákærði hefði misnotað hann kynferðislega, en brotþoli hefði ekki viljað ræða það mál og sagt að það væri hans einkamál. Brotþoli sagði þá að hann hefði ekki viljað ræða þetta mál vegna grunsemda barnaverndarnefndar gagnvart móður hans.

Brotþoli kvaðst hafa ákveðið að fara til lögreglu og leggja fram kæru átta árum síðar vegna þess að hann óttaðist að málið kynni að fynast ef hann biði lengur. Í millitíðinni kvaðst brotþoli hafa verið í Danmörku og sagðist hann hafa átt við geðsjúkdóma að stríða. Kvaðst hann vera með þrjár greiningar, þ.e. psykosu, manú og geðklofa. Sagðist brotþoli hafa verið dofinn tilfinningalega og aðeins hafa fundið fyrir slæmum tilfinningum. Sagðist brotþoli m.a. tengja þessa vanlíðan við hin meintu brot ákærða. Brotþoli sagðist ekki hafa treyst neinum eftir að ákærði braut fyrst gegn honum. Brotþoli sagðist vera með lyfseðil, en kvaðst taka lyf þegar honum fyndist að hann þyrfti á því að halda. Hann kvaðst hafa leitað aðstoðar hjá sálfræðingum á geðdeild á árunum 2010 eða 2011.

Brotþoli sagðist hafa sagt bróður sínum og móður frá brotum ákærða eftir að hann sagði Jóni Friðriki, sálfræðingi á Bergi, frá þeim. Brotþoli var þá bent á að í lögregluskýrslum af C bróður hans frá árinu 2002 kæmi fram að brotþoli hefði tjáð honum og móður þeirra frá þessu á meðan brotþoli lá inni á Barna- og unglingageðdeild, þ.e. áður en hann fór á meðferðarheimilið Berg. Brotþoli sagðist ekki muna eftir þessu og sagði að það væri ekki undarlegt því hann hefði verið út úr heiminum á meðan hann lá inni á geðdeildinni þar sem hann hefði verið á röngum lyfjum í tvo mánuði á meðan hann dvaldist þar.

Sérstaklega aðspurður af verjanda kvaðst brotþoli hafa verið tilbúinn til þess á árinu 2002 að tjá sig um kynferðislega áreitni af hálfu manns að nafni Guðmundur, sem bjó á Frakkastíg, vegna þess að Guðmundur þessi hafði kært móður hans til barnaverndarnefndar og fleiri aðila og orðið þess valdandi að hann hefði verið vistaður á Stuðlum og verið lokaður þar inni í 7 daga. Honum hefði því verið sama

þótt hann segði frá broti Guðmundar, en ekki frá brotum ákærða því að þau hefðu verið persónulegri.

Aðspurður kvaðst brotþoli ekki muna eftir Þóri Þorsteinssyni, en sagðist þó muna eftir að einhver maður hafi fengið að gista hjá ákærða í nokkur skipti. Aðspurður sagðist brotþoli vera gagnkynhneigður.

Vitnið B, móðir brotþola, sagðist hafa þekkt ákærða frá því að hann var krakki, en þau væru bæði frá X og hefðu búið við sömu götu. Sagðist hún hafa verið góður vinur bróður ákærða og ákærði hefði mikið verið í kringum þau. Vitnið sagði að ákærði hefði sótt mikið á heimili hennar í X og henni hefði ekki fundist neitt athugavert við það. Hún sagðist ekki hafa séð neitt athugavert við samskipti ákærða og brotþola úti í Eyjum, en eftir á hefði hún áttað sig á því að eldri bróðir brotþola, C, hefði forðast ákærða. Hún sagðist hins vegar ekki hafa tekið eftir þessu á sínum tíma því að C væri þannig gerður að hann gæfi sig ekki að hverjum sem væri. Brotþoli væri hins vegar opnari persóna en bróðir hans.

Vitnið sagðist hafa hitt ákærða á förnum vegi eftir að hún flutti með börn sín til Reykjavíkur og þá hefði hann byrjað að venja komur sínar til þeirra, en þau hefðu verið með íbúð í Fannarfellinu á þessum tíma. Kvaðst hún ekki hafa orðið vör við nein óeðlileg samskipti hans við brotþola á þessum tíma. Vitnið sagðist hafa flutt heim frá Danmörku á árinu 2000 og fengið íbúðinni úthlutað 19. desember, en hvaða ár sagðist hún ekki muna eftir. Hún sagðist ekki muna hvenær ákærði fór að venja komur sínar á heimilið, en sagðist muna það eitt að hann hefði komið aftur inn í líf þeirra á þessum tíma. Þá hefði ákærði búið í Keilufellinu, en síðar hefði hann flutt í Kópavoginn. Hún sagðist halda að hún hefði búið í Fannarfellinu í tvö ár og sagði að nágrannar hennar hefðu rænt dóttur hennar frá henni í febrúar 2001.

Vitnið sagðist í rauninni ekki vita um nein samskipti á milli ákærða og brotþola. Ákærði hefði bara verið peyi sem hún þekkti frá X og verið mjög almennilegur við hana og viljað allt fyrir hana gera. Hún sagðist átta sig á því nú af hverju það hefði verið. Vitnið sagðist síðan hafa misst húsnæði sitt og þá hefði fjölskyldan ekki átt í nein hús að venda og flosnað upp. Þá hefði ákærði boðið brotþola að vera hjá sér, en sjálf sagðist hún hafa verið annars staðar. Hún sagði að þau hefðu reynt að dreifa sér og vera ekki öll í einu og ekki of lengi á sama staðnum. Hún sagði að C hefði fengið inni hjá vini sínum. Sagðist hún halda að hún hefði verið húsnæðislaus í meira en ár. Hún sagðist ekki hafa orðið vör við að brotþoli væri í hassneyslu á þessum tíma, en brotþoli hefði tjáð sér löngu síðar að ákærði hefði otað því mjög að honum. Hún sagðist ekki hafa vitað af því á þessum tíma að ákærði væri að brjóta gegn brotþola kynferðislega og sagðist ekki einu sinni hafa grunað það. Hún sagðist fyrst hafa heyrt á það minnst þegar brotþoli hefði legið inni á Barna- og unglingageðdeild. Hún sagðist ekki hafa rætt þetta við hann þá, enda hefði það ekki verið hægt því hann hefði verið mjög sljór af lyfjum. Henni hefði síðan verið meinað að hitta hann á meðan hann var á geðdeildinni. Hún sagði að sig rámaði þó í það að hafa rætt við brotþola, á meðan hann var á deildinni, í gegnum síma C, en þá hefði C sagt henni að ákærði hefði misnotað brotþola kynferðislega. Sagðist hún fyrst hafa spurt brotþola út í þessa hluti fyrir um mánuði síðan, en hann hefði átt erfitt með að segja henni frá þessu og hún hefði sömuleiðis átt erfitt með að hlusta á frásögn hans. Hún sagði að þessi tími hefði verið mjög erfiður hjá sér. Hún hefði misst húsnæðið og nágrannar hennar rænt dóttur hennar og það hefði verið mikið áfall. Því væri þessi tími óskýr í huga sér. Aðspurð hvort hún hefði sjálf verið

í áfengisneyslu eða annarri óreglu á þessum tíma svaraði vitnið því til að hún hefði fyrst og fremst verið í gríðarlegri sorg vegna dóttur sinnar og því væri mjög erfitt að rifja þetta upp.

Hún sagðist ekki muna eftir að brotþoli hefði sagt sér frá misnotkun ákærða á meðan þau bjuggu í Danmörku. Hún sagðist hins vegar aldrei hafa skilið af hverju brotþola leið svona einkennilega á þessum tíma. Hún sagðist ekki muna hvenær hún varð vör við breytingar á hegðun brotþola, en sagðist muna að það hefði átt sér stað á veitingastaðnum Ara í Ögri. Brotþoli hefði verið mjög ör, sagst elska heiminn og viljað knúsa hana og knúsa og síðan hefði hann rokið út. Skömmu síðar hefði lögreglan hringt í hana og tjáð henni að hún væri með brotþola í haldi. Hún sagði að undanfarin ár hefði brotþoli ekki viljað vera innan um fólk, en það væri í rauninni mjög ólíkt honum. Hún sagði að brotþoli hefði byrgt þetta inni í öll þessi ár og átt erfitt með að ræða þetta. Kvaðst hún halda að það sem hrjáð hefði brotþola í gegnum tíðina væru allt afleiðingar þessarar misnotkunar, sem hefði byrjað þegar hann var ungur drengur.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 19. ágúst 2011, sem er í meginatriðum í samræmi við skýrslu hennar fyrir dómnum. Þar sagði hún þó að brotþoli hefði sagt sér frá munnmökum ákærða þegar þau voru úti í Danmörku. Einnig að Þórir, sem hefði búið með ákærða, hefði aldrei sagt neitt við hana, en eftir á fyndist henni að hann hefði verið að reyna að segja henni eitthvað með háttalagi sínu, en hann hefði t.d. lagt til við hana að þau færu eitthvað annað. Þá kvaðst hún ekki muna eftir að hafa rætt símleiðis við brotþola á meðan hann lá inni á Barna- og unglingsgeðdeildinni um kynferðislega áreitni ákærða.

Vitnið C, bróðir brotþola, sagðist ekki beinlínis hafa orðið var við það að ákærði væri að brjóta gegn brotþola kynferðislega, en sagði að ákærði hefði hins vegar brotið gegn honum sjálfum. Hann sagði að brotþoli hefði fyrst tjáð sér fyrir um 15 til 20 árum að ákærði hefði brotið gegn honum. Hann sagði að brotþoli hefði aðeins sagt að ákærði hefði brotið gegn sér kynferðislega, en ekki farið út í nein smáatriði. Brotþoli hefði þó sagt að þetta hefði byrjað á meðan þau bjuggu í X, en síðan hefði þetta haldið áfram eftir að þau fluttu til Reykjavíkur. Vitnið sagðist hins vegar ekki vita hvar eða hvenær það átti sér stað, en hann sagðist ekki hafa verið í daglegu sambandi við brotþola á þessum tíma. Hann sagði að þeir brotþoli hefðu ekki rætt þetta frekar, en hann sagðist hafa hvatt brotþola til að leggja fram kæru. Hann sagði að brotþoli hefði búið hjá sér eftir að kerfið gafst upp á brotþola þegar hann var 17 til 18 ára gamall. Hann hefði þá fengið forræði yfir brotþola því enginn annar hefði verið til staðar. Á þessum tíma hefði brotþoli byrjað að ræða þetta við sig af einhverri alvöru. Hann sagði að brotþoli hefði átt mjög erfitt á meðan hann lá inni á Barna- og unglingsgeðdeildinni, en þá hefði hann átt við að stríða mjög erfitt andlegt ástand. Hann sagðist minnst þess að hafa verið viðstaddur þegar brotþoli og móðir þeirra ræddu þetta, en sagðist þó ekki muna eftir neinum smáatriðum. Á þessum tíma hefði farið af stað rannsókn vegna ásakana gagnvart móður þeirra og það hefði orðið til þess að þau hefðu rætt hvað hefði raunverulega gerst. Hann sagðist minnst þess að þau þrjú hefðu rætt þetta í gegnum farsíma hans þegar hann var í heimsókn hjá brotþola á geðdeildinni.

Vitnið gaf skýrslu hjá lögreglu 24. ágúst 2011, sem er í meginatriðum í samræmi við skýrslu hans fyrir dómnum.

Vitnið D, faðir brotþola, sagði að móðir brotþola hefði sagt sér fyrir fimm til sex árum frá meintum kynferðisbrotum ákærða gagnvart brotþola. Hún hefði tjáð sér að einhver Ómar hefði brotið á brotþola, en síðan hefði þetta ekki verið rætt frekar. Hann sagðist ekki minnst þess að brotþoli hefði rætt þetta við sig. Hann sagðist muna eftir að hafa gefið skýrslu hjá lögreglu í lok árs 2001 vegna rannsóknarinnar, sem fram fór þá, en þá hefði hann ekki vitað af meintum brotum ákærða. Framburður hans þá var kynntur fyrir honum og sagði hann að hann hljóti þá að hafa vitað af brotum ákærða á þessum tíma. Hann sagðist ekki hafa verið í tengslum við brotþola á þessum tíma og sagðist yfir höfuð hafa verið í mjög litlum tengslum við hann.

Vitnið Þórir Þorsteinsson sagði að ákærði hefði verið vinur föður hans. Þeir hefðu báðir verið í hassneyslu og sagðist vitnið hafa verið heimilislaus á þessum tíma, en verið á sjó. Ákærði hefði í mörg ár leyft honum að gista hjá sér í landlegum. Þetta hefði verið samkomulag hans og ákærða, þ.e. hann hefði ekki greitt leigu en hann hefði hins vegar keypt brennivín og mat á meðan hann var í landi. Sagðist hann hafa séð brotþola af og til á þessum tíma. Á árinu 2001 sagðist vitnið halda að ákærði hefði búíð á Sæbólsbraut í Kópavogi. Sagðist ákærði hafa afplánað dóm á þessum tíma, þ.e. frá 1. maí til 7. nóvember 2001. Hann sagðist oft hafa orðið var við brotþola á heimili ákærða og sagðist halda að hann hefði gist þar. Hann sagðist ekki geta sagt að hann hefði orðið var við kynferðislega háttsemi ákærða gagnvart brotþola og sagðist aldrei hafa séð slíkt berum augum. Nánar aðspurður sagði hann að á árinu 2000 eða 2001 þegar ákærði bjó í Keilufelli hefði hann verið að koma heim af sjónum og þá hefði ákærði komið til dyra tannlaus og sagðist vitnið varla hafa þekkt ákærða. Hann sagðist hafa farið inn í stofu og ákærði hefði farið inn í herbergi. Stuttu síðar hefði brotþoli komið þaðan út og sagðist hann hafa hugsað með sér hvað hann hefði verið að gera þarna inni. Þá sagði hann að andrúmsloftið hefði verið skrytið og hann hefði fengið eitthvað á tilfinninguna. Hann sagðist oft hafa verið búinn að sjá A þarna og kvaðst hafa vitað að það væru vandræði heima hjá honum og sagðist því hafa skrifað þetta á það. Aðspurður sagðist hann ekki vita hvort brotþoli var í hassneyslu á þessum tíma.

Lögregla ræddi við vitnið í síma 22. september 2011. Þá sagði vitnið að brotþoli hefði gist á Sæbólsbrautinni ásamt móður sinni. Kvaðst hann hvorki hafa séð né heyrt af neinu kynferðislegu á milli ákærða og brotþola. Hann sagðist þó hafa haft sínar grunsemdir, bæði vegna þess að ákærði hefði alltaf verið svo góður við alla, en einnig vegna þess að ákærði hafði áður fengið dóm fyrir sams konar brot. Síðar í skýrslunni sagðist vitnið ekki hafa haft neinn helvítis grun því það hefðu aldrei verið nein börn í kringum þá. Kvaðst vitnið vera ölvæð og sagðist vera að fara inn á Vog daginn eftir.

Vitnið Bertrand Andre Marc Lauth, geðlæknir á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala, sagði að brotþoli hefði fyrst verið lagður inn á bráðageðdeild fyrir fullorðna, þ.e. deild 32C, 23. nóvember 2001 eftir að hafa verið handtekinn af lögreglu, en brotþoli hafði skemmt bíla og ráðist að fólki. Hann hefði síðan verið fluttur á Barna- og unglingsgeðdeild 27. nóvember. Þá hefði brotþoli verið með geðrofseinkenni og ekki verið vel áttaður. Þá hefði ákærði sýnt kynferðislega hegðun gagnvart starfsfólki og streitueinkenni. Hann sagði að brotþoli hefði náð sér út úr þessu geðrofsástandi eftir nokkra daga. Fyrst hefði hann sýnt árásgirni, en það hefði lagast eftir 1. desember. Þá hefði brotþoli verið með ranghugmyndir,

en þær hefðu smám saman horfið og verið alveg horfnar í janúar. Við útskrift 15. janúar 2002 hefði brotaþoli verið í góðu ástandi, en verið greindur með áfallastreituröskun og tímabundnar raskanir, þ.e. hann hefði verið óáttaður og með skert raunveruleikatengsl í nokkra daga og með ranghugmyndir, jafnvel ofskynjanir. Hann sagði að ljóst hefði verið að brotaþoli hefði verið með geðrofseinkenni í tengslum við áfallastreitu, en þetta hefði lagast mjög fljótt og því verið um tímabundið ástand að ræða. Geðrofseinkennin hefðu því ekki tengst geðklofasjúkdómi. Hann sagði að líkamlegt eirðarleysi og mikill einbeitingarskortur hefði hrjáð brotaþola, en hann hefði róast mikið eftir nokkra daga á deildinni. Þá hefði hann sofið betur og tengst betur starfsfólki og öðrum sjúklingum. Hann sagði að ákærði hefði sýnt þráhyggjuhegðun á deildinni, þ.e. í tengslum við hreinlæti og uppvask, en hann hefði haft mikinn áhuga á því að þvo sér. Þetta hefði síðan lagast mikið í lok dvalarinnar.

Hann sagði að hassneysla gæti orsakað geðrofseinkenni. Fram hefði komið hjá brotaþola að hann hafði mikinn áhuga á efnun og greinilegt hefði verið að hann þekkti þau. Læknar hefðu hins vegar ekki tengt þessi einkenni við hassneyslu brotaþola.

Hann sagði að starfsfólk deildarinnar hefði haft veður af því að brotaþoli hefði orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Það hefði verið skilningur lækna á deildinni að það sem brotaþoli hefði lent í og upplifað hefði valdið honum mikilli streitu og þar með þessum einkennum. Kvaðst hann telja að eitthvað mikið hefði átt sér stað gagnvart brotaþola rétt áður en hann lagðist inn á deildina, sem hefði valdið þessum einkennum, því þau hefðu síðan lagast fljótlega. Hann sagði að kynferðislegt ofbeldi gæti haft í för með sér slík einkenni. Erfiðar heimilisaðstæður brotaþola hefðu þó áreiðanlega verið þáttur í þessum einkennum. Að því er varðar kynferðislega hegðun gagnvart starfsfólki sagði vitnið að brotaþoli hefði verið að bera sig og sýnt óviðeigandi hegðun á meðan hann var í geðrofsástandi. Í lok innlagnarinnar hefði hann ekki sýnt af sér slíka hegðun. Vitnið sagðist hafa reynt að ræða við brotaþola um meinta kynferðislega misnotkun, en brotaþoli hefði ekki viljað tjá sig um hana. Hann hefði vitað að rannsókn stæði yfir gagnvart móður sinni og hann hefði viljað verja hana. Brotaþoli hefði hugsað mikið til systur sinnar og hann hefði óskað þess að hún kæmi til baka og að fjölskyldan sameinaðist.

Vitnið sagði að starfsfólkið hefði orðið vart við óviðeigandi hegðun móður brotaþola gagnvart honum, þ.e. að hún hefði strokið honum um kynfæri og læri, en sjálfur sagðist hann ekki hafa séð það. Einnig hefði hún reynt að vera með honum einum inni á baðherbergi. Síðar hefði verið sett nálgunarbann á hana vegna þessa. Vitnið kvaðst alls ekki minnst þess að brotaþoli hefði verið að skálda upp sögur á meðan hann dvaldi á deildinni, heldur hefði starfsfólkið verið sannfært um að hann liði miklar þjáningar. Fólk hefði alls ekki haft á tilfinningunni að brotaþoli væri að ljúga eða skálda upp sögur, heldur miklu frekar að hann byggi yfir leyndarmáli sem hann mætti ekki og vildi ekki segja frá. Vitnið staðfesti vottorð sitt á skjali merktu IV-6-2.

Vitnið Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur sagðist hafa starfað sem sálfræðingur á meðferðarheimilunum Árbót og Bergi í nokkur ár, m.a. á þeim tíma er brotaþoli dvaldist þar. Hann sagði að brotaþoli hefði verið lagður inn á Barna- og unglíngageðdeildina í nóvember árið áður með nokkuð alvarleg geðrofseinkenni og í framhaldi af því hefði hann verið vistaður nauðugur á meðferðarheimilinu Bergi í

Aðaldal af hálfu barnaverndaryfirvalda, bæði vegna þessara veikinda og vegna erfiðra heimilisaðstæðna. Með hefði fylgt að grunur léki á að hann hefði verið misnotaður kynferðislega og í einu viðtalinu hefði brotþoli upplýst hann um ákveðin tilvik, þ.e. annars vegar þegar hann var þriggja til fimm ára og bjó í X og hins vegar árið áður en hann var vistaður á Bergi, en gerandinn hefði verið sá sami, þ.e. ákærði. Að því er varðaði seinna tilvikið hefði brotþoli tjáð honum að félagi hans hefði hvatt hann til að útvega þeim hass og það hefði hann gert hjá ákærða. Á þeim tíma hefði hann gist hjá ákærða og eina nóttina hefði hann vaknað upp við það að ákærði var að hafa við hann munnmök og þannig hefði það gengið áfram í nokkur skipti. Brotþoli hefði lýst því að hann hefði fengið fullnægingu og þá hefði hann minnst á að ákærði hefði viljað hafa við sig endaparmsmök, sem hann hefði ekki viljað og neitað því.

Vitnið sagðist hafa tilkynnt þetta á sínum tíma. Hann sagðist vita til þess að brotþoli hefði ekki viljað tjá sig við lögreglu og sagði að hann hefði tjáð sér að hann vildi láta þetta bíða aðeins og að hann væri ekki tilbúinn til að ræða þetta mál frekar. Hann sagði að brotþoli hefði verið í frekar slæmu ástandi af og til á þessum tíma og liðið mjög illa, þó að líðanin hefði verið sveiflukennnd. Honum hefði stundum gengið vel í skólanum, en stundum illa eins og algengt væri með unglunga á þessum heimilum. Vitnið sagðist hafa haft afskipti af brotþola í um það bil eitt ár og sagðist hafa náð að kynnast honum nokkuð vel og átt gott meðferðarsamband við hann. Hann sagði að ekki hefði hvarflað að sér að brotþoli væri að skálda þessa frásögn og það hvarflaði ekki að honum enn þann dag í dag. Hann sagðist hins vegar ekki hafa framkvæmt mat á trúverðugleika framburðar hans, enda hefðu þessar upplýsingar verið fremur takmarkaðar.

Hann sagði að brotþoli hefði rætt það aðeins að hann hefði verið í hassneyslu á þessum tíma. Hann sagðist ekki vita til þess að brotþoli hefði verið að skálda upp sögur á meðan hann dvaldi á meðferðarheimilinu Bergi. Vitnið sagði að geðrof væri einkenni á mjög alvegarlegum geðsjúkdómum eins og geðklofa, en gæti einnig komið til vegna alvarlegra áfalla og áfallastreituröskunar.

Vitnið sagði að það væri klínísk reynsla sín og í samræmi við það sem hann hefði lesið um slík brot og áhrif þeirra að unglungur, sem hefði vit á því sem gerðist, ætti erfitt með að segja frá brotunum, t.d. vegna þess að hann hefði upplifað vellíðan þegar brotið var framið. Þetta hefði komið fram hjá brotþola, þ.e. að hann hefði fengið fullnægingu þegar ákærði hafði við hann munnmök, en bara þetta gerði unglungum erfitt fyrir að segja frá. Þeir fengu hugmyndir um að þeir væru samkynhneigðir vegna þess að þeim liði vel við það sem væri gert við þá. Unglingur í erfiðu ástandi hefði tilhneigingu til að halda áfram samskiptum við meintan geranda þrátt fyrir að vera ekki að fullu sáttur og líða illa yfir þessu síðar meir. Hann sagði að það virtist vera erfiðara fyrir drengi en stúlkur að segja frá slíkum atburðum vegna þess að þegar karlmenn væru áreittir kynferðislega yrðu þeir fyrir örvun, þ.e. þeim risi hold og bara það veki hugmyndir hjá þeim um að þeir vildu það sem væri verið að gera þeim. Brotþoli hefði hins vegar talað um þetta sem brot gagnvart sér, en hann hefði einnig minnst á hugmyndir um samkynhneigð og að þær hefðu sótt að honum. Einnig hefði hann minnst á það í tengslum við geðrofsástand sitt í nóvember 2001, þ.e. að hann hefði heyrt raddir sem hefðu sagt honum að hann væri samkynhneigður. Aðspurður hvort þessar minningar væri að rekja til geðrofsins sagði hann að reynsla sín segði sér að geðrof leiddi ekki til slíkra minninga. Hann sagði að brotþoli hefði ekki verið í geðrofi

Þegar þeir hefðu rætt saman á Bergi. Vitnið sagði að þótt brotaþoli hefði ekki sagt sér mikið frá þessum atburðum hefði hann þó greint frá þeim í svolitlum smáatriðum, sérstaklega atvikunum sem áttu að hafa átt sér stað þegar hann var lítill. Slík dæmi gæfu til kynna vissan trúverðugleika, þ.e. þegar lýst væri öðru en sjálfu brotinu, en brotaþoli hefði lýst því að þegar ákærði hefði sett klámspólu í tækið hefði eldri bróðir hans farið, en þetta væru atvik sem gerðust í atburðarásinni en tengdust ekki brotinu á honum sjálfum. Hann staðfesti að brotaþoli hefði tjáð sér að ákærði hefði oft haft við sig munnmök, tvisvar reynt að hafa við sig endaparmsmök og einu sinni hefði hann fróað ákærða að hans beiðni. Hann sagði að í minningunni hefði þessi frásögn brotaþola verið trúverðug og hann hefði átt mjög erfitt með að segja frá þessu.

Vitnið Helga Einarsdóttir, starfsmaður Barnaverndar Reykjavíkur, sagðist hafa tekið við máli brotaþola sumarið 2002, en hún sagðist hafa verið búin að fylgjast með málinu áður. Hún sagði að eftir að brotaþoli hafði tjáði sig við Jón Friðrik sálfræðing hefði verið óskað eftir að tekin yrði lögregluskýrsla af brotaþola, en þegar til þess hefði komið hefði brotaþoli ekki viljað tjá sig við lögreglu. Í millitíðinni hefði brotaþoli heimsótt systur sína sumarið 2002 en ekki skilað sér til baka. Hann hefði síðan fundist með móður sinni uppi í Gufunesi og verið mjög illa staddur á eftir og verið lagður inn á Barna- og unglingsgeðdeild. Kvaðst hún halda að hann hefði verið í burtu af meðferðarheimilinu í einn og hálfan mánuð. Í kjölfar þess hefði hann lýst því yfir að hann vildi ekki tjá sig við lögreglu um ætluð kynferðisbrot og sagðist halda að það hefði komið fram á samráðsfundi á Bergi í október 2002. Hún sagðist sjálf ekki hafa rætt þessa hluti við brotaþola.

Vitnið Halldóra Ólafsdóttir, yfirlæknir á göngudeild og bráðamóttöku geðdeildar á Landspítala háskólasjúkrahúsi, sagði að brotaþoli hefði leitað til deildarinnar skömmu eftir að hann flutti heim frá Danmörku, en þar hefði brotaþoli fengið greininguna geðklofi. Hún sagðist hafa séð það í læknanótum að brotaþoli greindi frá því að hann hefði verið misnotaður þegar hann var fjögurra ára, en sjálf sagðist hún ekki muna eftir því. Um hefði verið að ræða rútínuspurningu, en meðferð brotaþola hefði ekki lotið að þessu. Hún sagðist sjálf ekki minnst þess að brotaþoli hefði greint frá því að hann hefði verið misnotaður sem unglingur, en sagði að það kæmi fram í einni læknanótunni frá læknanema sem hefði tekið mjög ítarlega greiningarskýrslu af brotaþola og vísaði til dskj. nr. 23, bls. 6-7. Hún sagði að brotaþoli hefði verið meðhöndlaður með geðrofslyfjum sem væru notuð við geðklofa. Brotaþoli hefði þó ekki verið með geðrofseinkenni eða geðklofaeinkenni, en brotaþoli hefði lýst því að hann hefði gagn af þessum lyfjum. Eftir því sem tíminn leið hefði hún þó velt því fyrir sér hvort þetta væri rétt greining, þ.e. hvort brotaþoli væri ekki frekar með geðhvarfageðklofa eða geðhvörf því að brotaþoli hefði komið mjög eðlilega fyrir. Hún sagði að sér fyndist frekar ólíklegt að saga brotaþola um hina kynferðislegu misnotkun væri uppspuni sem tengdist geðsjúkdómi hans. Brotaþoli væri afskaplega greinargóður og frekar greindur piltur, sem hefði komið vel fyrir og verið einlægur í sinni frásögn. Hún sagðist þó taka fram að hún hefði ekki séð hann í veikindaástandi. Hún sagði að brotaþoli hefði haft furðugott sjúkdómsinnsæi af jafn ungum pilti að vera á meðan hann var í meðferð hjá henni.

Vitnið Tómas Zoega geðlæknir sagðist hafa meðhöndlað brotaþola við innlögn á geðdeild á árunum 2010 til 2012. Hann sagði að í þau skipti sem brotaþoli hefði lagst inn á geðdeild hefði hann verið mjög veikur, þ.e. mjög manískur og hátt uppi

og stundum hefði verið grunur um að hann hefði verið í neyslu. Hann hefði hins vegar jafnað sig bæmilega á milli. Hann sagði að brotaþoli hefði talað um það nokkrum sinnum að hann hefði verið misnotaður sem unglingur og þá virst vera trúverðugur og sagt að þetta væri óuppgert mál í sínum huga. Hann sagði að brotaþoli hefði legið inni á deildinni frá 31. október til 16. nóvember 2010 og þá hefði verið skráð við útskrift að brotaþoli hefði ákveðið að kæra þá kynferðislegu misnotkun sem hann hefði orðið fyrir sem unglingur. Einnig að hann ætti pantaðan tíma hjá lögreglu og ætlaði að fara þangað einn síns liðs. Kvaðst hann halda að brotaþoli hefði farið til lögreglu beint af sjúkrahúsinu. Hann sagði að brotaþoli væri með geðhvarfasjúkdóm þar sem skiptust á geðhæðir og geðlæggðir. Við innlögn hefði hann verið mjög órólegur og árásargjarn í garð annarra, bæði starfsmanna og annarra sjúklunga. Þá væri vitað að brotaþoli hefði misnotað lyf. Hann sagði að brotaþoli hefði verið greindur með geðklofa á meðan hann bjó í Danmörku, en hann sagðist ekki telja líklegt að brotaþoli væri haldinn þeim sjúkdómi því hann jafnaði sig alveg á milli og væri einkennalítill eða einkennalaus á milli.

Hann sagði að mjög ólíklegt væri að brotaþoli væri að búa það til að hann hefði orðið fyrir kynferðislegri misnotkun. Það væri ekki aðalatriðið í hans huga þegar hann væri lagður inn, en þetta væri hins vegar að plaga hann þegar hann væri kominn í meira jafnvægi.

III.

Ákærði hefur staðfastlega neitað sök í málinu. Hann hefur viðurkennt að hafa verið í óreglu á þeim tíma sem um ræðir í málinu, þ.e. bæði í áfengis- og kannabisneyslu. Ákærði hefur borið um að brotaþoli hafi oft gist hjá honum á meðan hann bjó á Sæbólsbraut og kvað ekki útilokað að hann hefði einnig gist hjá honum í Keilufelli þar sem hann bjó áður.

Ljóst er að brotaþoli bjó við afar erfiðar aðstæður og átti hvergi höfði sínu að halla frá því snemma árs 2001 þar til hann var lagður inn á geðdeild í lok nóvember sama ár. Er fram komið að brotaþoli var á þvælingi á milli staða á þessum tíma og snapaði sér gistingu hér og þar, m.a. hjá ákærða. Þrátt fyrir að vera kunnugt um þessar aðstæður brotaþola kvaðst ákærði ekki hafa hugleitt að hafa samband við barnaverndaryfirvöld vegna drengsins.

Framburður brotaþola fyrir dómnum var skýr og greinargóður og kom brotaþoli vel fyrir að mati dómsins. Hefur framburður hans verið staðfastur en framburður hans fyrir dómnum er í öllum meginatriðum í samræmi við framburð hans hjá lögreglu. Enginn misbrestur þykir vera á framburði brotaþola. Brotaþoli hefur allt frá því að hann greindi fyrst frá atvikum málsins á meðferðarheimilinu Bergi á árinu 2002, skömmu eftir að atvikin áttu sér stað, skýrt frá á sama veg, þ.e. að ákærði hafi margoft haft við hann munnmök er hann var sofandi, í eitt skipti fengið hann til að fróa sér og í annað skipti reynt að hafa við hann endaparmsmök. Hefur þessi frásögn brotaþola á meðferðarheimilinu verið staðfest af vitninu Jóni Friðriki Sigurðssyni, sem þá var sálfræðingur á heimilinu. Í frásögn brotaþola koma fyrir smáatriði, sem þykja gera framburð hans trúverðugan. Hefur brotaþoli t.d. borið um það að ákærði hafi ávallt tekið út úr sér tennurnar þegar hann hafði við hann munnmök, en brotaþoli kvaðst ekki hafa tekið eftir því í fyrstu og ekki fyrr en

brotin áttu sér stað á heimili ákærða á Sæbólsbraut. Einnig hefur brotþoli borið um að þeir ákærði hafi legið á dýnum á stofugólfinu á Sæbólsbraut þegar ákærði bað hann um að fróa sér og fyrir dóminum sagði brotþoli að ákærði hefði á sama tíma haft við hann munnmök. Loks hefur brotþoli borið um það að hafa setið í svokölluðum sófastól þegar ákærði reyndi að hafa við hann endabarmsmök, en hann kvaðst hafa klemmt saman rassinn og komið þannig í veg fyrir að ákærði gæti þrýst limnum inn.

Ákærði hefur sjálfur staðfest að hann hafi verið með falskar tennur í 30 ár. Vitnið Þórir Þorsteinsson hefur borið um það að ákærði hafi eitt sinn komið tannlaus til dyra í íbúð sinni í Keilufelli þegar vitnið hafi komið til hans af sjónum. Það hafi komið vitninu á óvart, sem og að ákærði hafi strax farið inn í svefnherbergi og að þaðan hefði brotþoli síðan komið stuttu síðar. Sagði vitnið jafnframt að andrúmsloftið hefði verið skrýtið. Þykir þetta renna nokkrum stoðum undir framburð brotþola um kynferðisbrot ákærða, en brotþoli hefur borið um að ákærði hafi ekki tekið út úr sér tennurnar við önnur tækifæri en þegar hann hafði við hann munnmök. Þykir það og samræmast framburði vitnisins Þóris, sem kvaðst varla hafa þekkt ákærða þegar hann kom tannlaus til dyra.

Brotþoli hefur borið um að hann hafi reykt hass hjá ákærða og að ákærði hafi látið honum efnið í té. Í skýrslum brotþola hjá lögreglu kemur og fram að hann hafi reykt hass úr svokallaðri fötu hjá ákærða. Fyrir dóminum kannaðist ákærði við að hafa reykt hass úr fötu á þessum tíma, en sagðist ekki hafa gert það fyrir framan brotþola. Kvaðst hann hafa stundað hassreykingarnar í eldhúsinu og haft lokað fram í stofu á meðan. Hann neitaði því að hafa látið brotþola í té hass til eigin neyslu. Þessi framburður ákærða þykir ekki trúverðugur í ljósi þess að ákærði bjó samkvæmt gögnum málsins afar þröngt á þessum tíma og átti því væntanlega óhægt um vik að leyna hassreykingum sínum. Þá verður að líta til þess að í lok nóvember 2001 var brotþoli lagður inn á geðdeild, m.a. vegna mikilla hassreykinga, en þá hafði brotþoli dvalið meira og minna hjá ákærða frá því í byrjun sama árs. Þykir framburður ákærða um hassneyslu brotþola afar ótrúverðugur.

Ljóst er að samskiptum ákærða og brotþola lauk mjög skyndilega í lok árs 2001, en ákærði hefur borið um að brotþoli hafi horfið skömmu fyrir jólin 2001. Kvaðst ákærði ekki hafa heyrt í brotþola síðan. Hann kannaðist ekki við að samskiptum þeirra hafi lokið svo snögglega vegna grunsemda barnaverndaryfirvalda og rannsóknar lögreglu á ætluðu kynferðisbrotum hans gagnvart brotþola.

Þegar brotþoli veiktist og var lagður inn á geðdeild með geðrofseinkenni í umrætt sinn var hann aðeins 15 ára gamall. Samkvæmt framburði móður hans og bróður greindi brotþoli þá í fyrsta skipti frá því að hann hefði orðið fyrir kynferðislegri misnotkun af hálfu ákærða, en fór ekki út í frekari smáatriði. Nánari lýsing á háttsemi ákærða kom fyrst fram hjá brotþola í samtali við vitnið og sálfræðinginn Jón Friðrik Sigurðsson á meðferðarheimilinu Bergi. Skýringar brotþola á því hvers vegna hann vildi ekki tjá sig um málið við lögreglu á þessum tíma þykja trúverðugar, en fram er komið að rannsókn lögreglu beindist aðallega að móður hans, sem hann sagði að hefði verið ranglega sökuð um að hafa misnotað hann kynferðislega.

Þá hafa vitnin Halldóra Ólafsdóttir geðlæknir og Tómas Zoega geðlæknir, sem bæði hafa haft brotaþola til meðferðar á síðustu árum, borið um það fyrir dóminum að brotaþoli hafi við læknismeðferð hjá þeim rætt um að hann hefði verið misnotaður kynferðislega sem unglingur.

Vitnið Bertrand Andre Marc Lauth geðlæknir hefur borið um það að brotaþoli hafi við komu á Barna- og unglingageðdeild í lok nóvember 2001 sýnt kynferðislega hegðun gagnvart starfsfólki, sem og streitueinkenni. Kvað hann ljóst að brotaþoli hefði verið með geðrofseinkenni í tengslum við áfallastreitu, en læknar hefðu hvorki tengt þessi einkenni við geðklofasjúkdóm né hassneyslu brotaþola. Það hefði verið skilningur lækna á deildinni að það sem brotaþoli hefði lent í og upplifað hefði valdið honum mikilli streitu og þar með geðrofseinkennum. Þá sagði hann að kynferðislegt ofbeldi gæti haft í för með sér slík einkenni, þótt erfiðar heimilisaðstæður brotaþola gætu einnig hafa átt sinn þátt í einkennum hans.

Bertrand Andre Marc og Jón Friðrik kváðust hvorugir minnst þess að brotaþoli hefði skáldað upp sögur á meðan hann dvaldi á Barna- og unglingageðdeildinni annars vegar og á meðferðarheimilinu Bergi hins vegar. Sagði vitnið Bertrand Andre Marc að starfsfólk geðdeildar hefði verið sannfært um að brotaþoli liði miklar þjáningar og byggi yfir leyndarmáli sem hann mætti ekki og vildi ekki greina frá. Vitnið Jón Friðrik sagði að ekki hefði hvarflað að sér, hvorki þá né nú, að brotaþoli væri að skálda upp frásögn sína af kynferðisbrotum ákærða. Frásögn brotaþola hefði verið trúverðug og sagði hann að brotaþoli hefði átt mjög erfitt með að segja frá reynslu sinni. Í sama streng hafa tekið vitnin Halldóra Ólafsdóttir og Tómas Zoega, en þau sögðu að frásögn brotaþola af kynferðisbrotunum hefði verið trúverðug. Tók Halldóra jafnframt fram að brotaþoli hefði komið vel fyrir og að frásögn hans hefði verið greinargóð og einlæg. Þau töldu bæði ólíklegt að frásögn brotaþola af kynferðisbrotunum væri uppspuni eða tengdist geðsjúkdómi hans.

Við mat á trúverðugleika framburðar brotaþola ber og að líta til framburðar vitnisins Jóns Friðriks og skýringa hans á því hvers vegna það reynist drengjum almennt erfiðara en stúlkum að greina frá slíkum brotum, en brotaþoli hefur borið um að hafa fengið fullnægingu þegar ákærði braut gegn honum.

Með hliðsjón af öllu framangreindu er það mat dómsins að framburður brotaþola sé trúverðugur og að leggja beri hann til grundvallar í málinu.

Með vísan til framangreinds er því talið sannað að ákærð hafi haft í frammi háttsemi þá sem í ákæru greinir, að því tilskildu að miða verður við að brotin hafi átt sér stað frá því í janúar 2001 og fram í nóvember sama ár.

Ljóst er að ákærði hafði yfirburðastöðu yfir brotaþola þegar brotin voru framin, en brotaþoli var aðeins barn að aldri, sem átti hvergi höfði sínu að halla og naut lítils stuðnings. Þá er ljóst að brotaþoli dvaldi hjá ákærða með vitneskju og samþykki móður sinnar, sem þá fór með forsjá hans. Með vísan til framangreinds þykir háttsemi ákærða réttilega heimfærð til refsíakvæða í ákærinni, að því tilskildu að brot í 3. lið ákærunnar þykir einnig varða við 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Frá því ákærði framdi brot sín hafa almenn hegningarlög breyst eins og fram kemur í ákærunni varðandi heimfærslu brota til refsíákvæða. Ákærða er gerð refsing eftir nýrri lögunum, þó þannig að ekki verður beitt þyngri refsingu en heimilt var á þeim tíma er brotin voru framin, sbr. meginreglu 2. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt framlögðu sakavottorði var ákærði með dómi 24. mars 1994 dæmdur í 10 mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn börnum, þ.e. brot gegn þágildandi 2. málslíð 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga. Hinn 25. desember 1994 var ákærða veitt reynslulausn í tvö ár á 100 daga eftirstöðvum refsingar. Ákærði stóðst reynslulausnina. Hinn 7. janúar 2000 var ákærði dæmdur til greiðslu sektar vegna fikniefnalagabrots og hinn 15. september 2010 gekkst ákærði undir greiðslu sektar hjá lögreglustjóra vegna sams konar brots. Sakarferill ákærða hefur ekki áhrif á ákvörðun viðurlaga í máli þessu.

Við ákvörðun refsingar er litið til þess að ákærði braut gegn barnungum dreng, sem leitaði til hans í neyð sinni og umkomuleysi og varð honum síðar háður, bæði um mat og húsaskjól. Brot hans eru mörg og alvarleg og höfðu miklar og alvarlegar afleiðingar í för með sér. Ákærði brást trausti sem honum var sýnt. Hann á sér engar málsbætur. Refsing hans er ákvörðuð með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og þykir þannig hæfilega ákvörðuð fangelsi í þrjú ár. Ekki eru efni til að skilorðsbinda refsinguna. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald, sem ákærði sætti vegna málsins frá 26. janúar til 8. febrúar 2013.

Brotapoli, A, á rétt á miskabótum úr hendi ákærða á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þykja bætur til hans hæfilega ákvarðaðar 2.000.000 króna, auk vaxta eins og greinir í dómsorði, en dráttarvextir reiknast frá 14. nóvember 2011 er mánuður var liðinn frá birtingu kröfunnar fyrir ákærða.

Ákærði greiði 928.700 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Sveins Andra Sveinssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin 627.500 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., sem þykir hæfilega ákveðin 251.000 krónur, hvort tveggja að meðtöldum virðisaukaskatti.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari flutti málið af hálfu ákæruvalds.

Dóm þennan kveða upp Ragnheiður Bragadóttir héraðsdómari, Jón Höskuldsson héraðsdómari og Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari.

Dómsorð:

Ákærði, Ómar Traustason, sæti fangelsi í þrjú ár, en til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald sem ákærði sætti vegna málsins frá 26. janúar til 8. febrúar 2013.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna í skaðabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 16. nóvember 2010 til 14. nóvember 2011, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 5. gr., sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði 928.700 krónur í sakarkostnað, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveins Andra Sveinssonar hrl., 627.500 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Stefáns Karls Kristjánssonar hdl., 251.000 krónur.

Ragnheiður Bragadóttir

Jón Höskuldsson

Sveinn Sigurkarlsson

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 27. mars 2013.